

Hafnarfjarðarkaupstaður  
Umhverfis- og skipulagsvið  
vt. Anna María Elíasdóttir  
Norðurhelli 2  
221 Hafnarfirði

Garðabæ, 30. mars 2021  
Mál nr. 2103469

**Efni: Lokun Garðahraunsvegar.**

Á fundi bæjarráðs Garðabæjar sem haldinn var í dag var tekin fyrir bókun skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar frá fundi, dags. 23. mars sl.

Eftirfarandi var fært til bókar í fundargerð.

„Bæjarráð lýsir yfir undrun á afstöðu skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar þar sem ráðið mótmælir ákvörðun annars sveitarfélags við að framfylgja samþykktun skilmálum deiliskipulags. Lokun Garðahraunsvegar við gatnamót Herjólfstraugar er í samræmi við ákvæði í deiliskipulagi sem gildir um íbúðarbyggð í Garðahrauni (Prýðahverfi) sem upphaflega var samþykkt árið 2003, sbr. breytingu frá árinu 2017. Það verður að teljast mjög eðlilegt og sanngjarnt gagnvart fjölmörgum íbúum Prýðahverfis að staðið sé við þær skuldbindingar sem fram koma í deiliskipulagi sem bæjarstjórn hefur samþykkt. Það ætti að vera skipulags- og byggingarráði Hafnarfjarðar skiljanleg afstaða.

Aukning á umferð í norðurbæ Hafnarfjarðar er lang líklegast tilkomin vegna umferðar íbúa Hafnarfjarðar sem áður fóru til síns heima í gegnum íbúðahverfi í Garðabæ.“

Þetta upplýsist hér með.

Virðingarfyllst,



Guðjón Erling Friðriksson,  
bæjarritari.